

Dagvistarheimili skulu njóta þjónustu sálfræðings og ráðgjafarþjónustu eftir því sem við verður komið. Tengja skal þessa þjónustu við ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu skóla og félagsmálastofnana, eftir því sem við á í hverju sveitarfélagi.

Um eftirlit með heilsufari starfsfólks skal farið samkvæmt ákvæðum í heilbrigðisreglugerð.

23. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 112/1976, um dagvistarheimili fyrir börn, og öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 28. janúar 1977.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

Nr. 150.

3. mars 1977.

S A M Þ Y K K T

um sveitarstjóra í Skútustaðahreppi í Suður-Þingeyjarsýslu.

1. gr.

Sveitarstjórn kýs sveitarstjóra eftir hverjar almennar sveitarstjórnarkosningar, og er kjörtímabil hans hið sama og kjörtímabil sveitarstjórnar.

2. gr.

Sveitarstjóri á sæti á fundum sveitarstjórnar og hefur óbundið málfrelsi og tillögurétt, en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins, að hann sé sveitarstjórnarmaður.

3. gr.

Sveitarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana þeirra, sem sveitarstjórn gerir, og hreppsmála yfirléitt. Hann sér um, að öll störf, sem sveitarstjórnin á að annast, séu framkvæmd. Hann annast innheimtu á öllum tekjum sveitarsjóðs og fyrirtækja hans, eftir því sem sveitarstjórn ákveður. Hann er féhirðir sveitarstjórnar og reikningshaldari, semur allar skýrslur hennar og reikninga, annast alla bókun og bréfaviðskipti. Hann geymir bækur nefndarinnar, innstæðufé hreppsins, verðbréf og önnur skjöl og hvað annað, sem hreppnum tilheyrir og sveitarstjórnin á að bera ábyrgð á.

Í forföllum sveitarstjóra skal oddviti annast störf hans.

4. gr.

Laun sveitarstjóra skulu ákveðin í ráðningarsamningi þeim, sem um getur í 5. gr. og greiddast þau úr sveitarsjóði.

5. gr.

Oddviti skal fyrir hönd sveitarstjórnar gera ráðningarsamning við sveitarstjóra, eftir að ráðning hans hefur verið samþykkt af sveitarstjórn, og skal þar nánar kveðið á um kjör hans, orlof, skrifstofutíma, lífeyri og annað það, sem nauðsynlegt er hverju sinni, og skal ráðningarsamningurinn samþykktur af sveitarstjórn.

Uppsagnarfrestur af hendi hvors aðila er 6 mánuðir.

6. gr.

Nú gerist sveitarstjóri sekur um stórfellda og ítrekaða vanrækslu og hirðuleysi í starfi og skeytir ekki áminningum sveitarstjórnar, getur hún þá með fundar-samþykkt vikið honum frá störfum, en tilkynna skal hún félagsmálaráðuneytinu þessa frávikningu, svo fljótt sem við verður komið. Sveitarstjórn ákveður, hvort oddviti eða annar sveitarstjórnarmaður taki við starfi sveitarstjóra og gegni því uns sveitarstjóri hefur verið ráðinn að nýju.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Skútustaðahrepps í Suður-Þingeyjarsýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. mars 1961 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 3. mars 1977.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

14. mars 1977.

Nr. 151.

G J A L D S K R Á

fyrir Hitaveitu Flúða og nágrennis.

1. gr.

Hitaveita Flúða lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu hitafletir hússins nægilega stórir að dómi hitaveitunnar.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upp-hitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á.

Hitaveitan lætur húseigendum í té aukahemil, ef þess er óskað.

2. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils þess, er um getur í 1. gr. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseigenda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. janúar ár hvert. Hámarksstilling hemils gildir allt árið, þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

3. gr.

Gjöld fyrir notkun heita vatnsins eru sem hér segir:

- a) Fastagjald fyrir gróðurhús fyrir 1 sek.l. kr. 2 827.00 á mánuði, fastagjald fyrir meiri notkun en 1 sek.l. skal vera samsvarandi eftir vatnsmagni. Fyrir önnur hús kr. 1 807.00 á mánuði.
- b) Vatnsgjald fyrir gróðurhús kr. 209.00 á mánuði og kr. 1 004.00 á mánuði fyrir önnur hús fyrir hvern mínútulítra.
- c) Þeir sem taka vatn gegnum hemil gróðurhúsa til hitunar á pökkunar og geymslu-húsnæði, skulu greiða fastagjald sem hér segir: Fyrir hvern rúmmetra kr. 8.00 á mánuði. Á gjöld þessi leggst söluskattur eftir gildandi reglum á hverjum tíma.